



# Framkvæmda- fréttir 19. tbl. / 13



Ný brú á Múlavísl. Steypuvinna í sökkli 18. september 2013. Verktaki: Eykt hf.

## Handbók um umhverfis- og öryggismál fyrir verktaka og þjónustuaðila Vegagerðarinnar

Í tilefni af fyrstu öryggisviku Vegagerðarinnar gaf stofnunin út í fyrsta sinn handbók um umhverfis- og öryggismál fyrir verktaka sína og aðra þjónustuaðila.

Handbókina er að finna á [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is) undir „Upplýsingar og útgáfa“ og áfram á „Leiðbeiningar og reglur“.

Ábendingar fyrir næstu útgáfu eru vel þegnar og má senda til Matthildar B. Stefánsdóttur á gæðadeild Vegagerðarinnar, [mbs@vegagerdin.is](mailto:mbs@vegagerdin.is)

### Inngangur handbókarinnar

Mikilvægur þáttur í innleiðingu umhverfis- og öryggisstjórnunar er að kynna það verklag og þær kröfur í umhverfis- og öryggismálum sem gerðar eru til verktaka, birgja og annarra þjónustuaðila.


Vegagerðin setti sér fyrst umhverfisstefnu árið 1997 og hefur unnið að framgangi hennar síðan samkvæmt alþjóðlega umhverfisstaðlinum ISO 14001. Einnig hefur verið unnið að framgangi öryggismála, en Vegagerðin setti sér öryggisstefnu árið 2008.

Hlutverk þessarar handbókar er að veita upplýsingar, um kröfur sem Vegagerðin gerir í umhverfis- og öryggismálum, til þjónustuaðila sem vinna fyrir stofnunina. Handbókin er ekki tæmandi lýsing á öllu því sem viðkemur þessum málum, heldur er oft vísað til ítarefnis.

Í bókinni er fjallað um öryggi starfsmanna við vinnu en ekki umferðaröryggi eða upplýsingaöryggi.

Vegagerðin vonar að handbókin muni stuðla að því að allir komi ávallt heilir heim að vinnudegi loknum.

Efnið í handbókina er fengið úr ýmsum áttum m.a. frá Öryggishandbók Samorku, Siglingastofnun, Vinnueftirlitinu, Landsvirkjun, Almannavörnum, Vejdirektoratet í Danmörku og fleiri fyrirtækjum sem hafa skarað fram úr í umhverfis- og/eða öryggismálum á undanförunum árum. ■



Útgefandi: Vegagerðin.

Ritstjórn: Matthildur B. Stefánsdóttir,

Ásrún Rudolfsdóttir Vegagerðin.

Ráðgjöf: Eva Yngvadóttir, Efla.

Faglegur yfirlstur: Sigurður Áss Grétarsson,

Rúnar Jónsson og Valgeir Kárason, Vegagerðinni.

### Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 19. tbl. 21. árg. nr. 616 14. okt. 2013

Ritstjórn  
og umsjón útgáfu:

**Viktor Arnar  
Ingólfsson**

Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**

**Framkvæmdafréttir  
Borgartúni 7**

**105 Reykjavík**  
eða með tölvupósti til:  
**vai@vegagerdin.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskriftendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

## Blönduós, sjóvarnir 2013

Allar loftmyndir í blaðinu:  
Loftmyndir ehf.



## Skagaströnd, sjóvarnir 2013



### Niðurstöður útboða

#### Sjóvarnir Ísafjarðarbær 2013 13-064

Tilboð opnuð 8. október 2013. Sjóvarnir á Flateyri og Suðureyri. Um er að ræða byggingu sjóvarnargarða á Suðureyri annarsvegar og hækkun á sjóvörn við Brimnesveg á Flateyri hinsvegar.

Helstu magntölur:

Suðureyri:

Útlögn grjóts og kjarna ..... 3.150 m<sup>3</sup>

Flateyri:

Útlögn grjóts ..... 1.100 m<sup>3</sup>

Uppúrtekt og endurröðun grjóts. .... 400 m<sup>3</sup>

Verkinu skal lokið eigi síðar en 31. desember 2013.

nr.	Bjódandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
1	Tígur ehf., Súðavík	14.063.550	103,6	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	13.569.000	100,0	-495

### Auglýsingar útboða

#### Blönduós og Skagaströnd, sjóvarnir 2013 13-066

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í sjóvarnir á Blönduósi og Skagaströnd. Um er að ræða byggingu sjóvarnargarða á þremur stöðum á Blönduósi, við Brimslóð, við Ós Blöndu og við Hafnarbraut og við Sólvang á Skagaströnd.

Helstu magntölur:

Blönduós:

Útlögn grjóts og kjarna ..... 2.350 m<sup>3</sup>

Skagaströnd:

Útlögn grjóts og kjarna ..... 670 m<sup>3</sup>

Verkinu skal lokið eigi síðar en 28. febrúar 2014.


Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 15. október 2013. Verð útboðsgagna er 5.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudeginum 29. október 2013 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Veggöng

1	Héðinsfjarðargöng 2010	11.000 m
2	Breiðadals- og Botnsheiði 1996	9.160 m
3	Norðfjarðargöng	7.900 m
4	Vaðlaheiðargöng	7.500 m
5	Fáskrúðsfjarðargöng 2005	5.900 m
6	Hvalfjörður 1998	5.770 m
7	Bolungarvíkurgöng 2010	5.400 m
8	Ólafsfjarðarmúli 1991	3.400 m
9	Almannaskarð 2005	1.300 m
10	Strákagöng 1967	800 m
11	Odds skarð 1977	640 m
12	Arnarneshamar 1948	30 m

mælikvarði 1: 100.000



Göng í vinnslu

einbreið göng

tvíbreið göng



Vaðlaheiðargöng, staða framkvæmda 7. október 2013. Búið er að sprengja 792 m frá Eyjafirði sem er 11,0% af heildarlengd.

Heildarlengd ganga 7.170 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: [www.vadlaheidi.is](http://www.vadlaheidi.is)



golfvöllur



**Auglýsingar útboða**

**Grindavík, sjóvarnir 2013** 13-068

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í sjóvarnir við Grindavík. Um er að ræða byggingu sjóvarnargarða við Grindavík, annars vegar austan Litlubótar við Sjávarbraut og hinsvegar við golfvöll.

Helstu magnþölur:

Við Sjávarbraut:  
Útlögn grjóts ..... 1.240 m<sup>3</sup>

Við golfvöll:  
Útlögn grjóts og kjarna ..... 1.120 m<sup>3</sup>

Verkinu skal lokið eigi síðar en 28. febrúar 2014.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 15. október 2013. Verð útboðsgagna er 5.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudeginum 29. október 2013 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

**Norðfjörður -  
Lenging Togarabryggju 2013**

Hafnastjórn Fjarðabyggðar óskar eftir tilboðum í verkið „Norðfjörður – lenging Togarabryggju“. Verkið felst í að lengja núverandi stálþil Togarabryggju um 80 m.

Helstu magnþölur eru:

Rekstur stálþils ..... 63 plötur

Uppsetning stagbita og akkerisstaga . . . 29 stk.

Fylling að þili ..... 4.700 m<sup>3</sup>

Steyptur kantbiti á stálþil ..... 80 m

Verkinu skal lokið eigi síðar en 30. apríl 2014.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) og bæjarskrifstofu Fjarðarbyggðar, Hafnargötu 2 á Reyðarfirði frá og með þriðjudeginum 8. október 2013. Verð útboðsgagna er 5.000 kr.

Skila skal tilboðum á bæjarskrifstofu Fjarðarbyggðar, Hafnargötu 2 á Reyðarfirði, eigi síðar en kl. 11:00 fimmtudaginn 24. október 2013 og verða tilboð opnuð þar.

Hafnastjórn Fjarðarbyggðar



FJARÐABYGGÐ



Vogar. Einn af þremur stöðum á Vatnsleysuströnd þar sem gera skal sjóvarnargarð skv. útboðsauglýsingu.

**Vatnsleysuströnd,  
sjóvarnir 2013** 13-069

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í sjóvarnir á Vatnsleysuströnd. Um er að ræða byggingu sjóvarnargarðs í Vogum, við Stóra Knarrarnes og Narfakot á Vatnsleysuströnd. Alls 560 m af nýjum sjóvörnum.

Helstu magnþölur:

Vogar:  
Útlögn grjóts og kjarna ..... 1.900 m<sup>3</sup>

Stóra Knarrarnes:  
Útlögn grjóts og kjarna ..... 1.500 m<sup>3</sup>

Narfakot:  
Útlögn grjóts og kjarna ..... 1.500 m<sup>3</sup>

Verkinu skal lokið eigi síðar en 28. febrúar 2014.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 15. október 2013. Verð útboðsgagna er 5.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudeginum 29. október 2013 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

**Leiðrétting**

Í myndatexta á bls. 6 í síðasta tölublaði Framkvæmdafréttu var í tvígang ritað „Fáskrúðsfjörður“ þar sem átti að standa „Eskifjörður“ í texta um Norðfjarðargöng. Nokkrir lesendur höfðu samband og bentu á þetta og er þeim þökkun áhræðing. VAI

**Vegagerðin á ensku**

Yfirstjórn Vegagerðarinnar hefur ákveðið að enskt heiti stofnunarinnar skuli vera *Icelandic Road and Coastal Administration* skammstafað IRCA .



Vegarstæði fyrir tengingu Bakka við Húsavík rannsakað með jarðvegsbor Vegagerðarinnar. Mynd: Hafdís Eygló Jónsdóttir.



## Rannsóknarráðstefna Vegagerðarinnar 2013, Harpa Kaldalón 8. nóvember

Vegagerðin heldur árlega rannsóknarráðstefnu sína föstudaginn 8. nóvember 2013 í Hörpu í Reykjavík, salur: Kaldalón. Þessi ráðstefna er sú tólfða í röðinni. Kveðið er á í vegalögum um að 1,5% af mörkuðum tekjum til vegamála skuli renna til rannsóknar- og þróunarstarfs og er ráðstefnunni ætlað að endurspegla afrakstur hluta þess starfs. Hægt er að skrá sig á ráðstefnuna á [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is). Þátttökugjald er 14.000 krónur og 4.000 krónur fyrir nema.

### Dagskrá

#### 08:00-09:00 Skráning

09:00-09:15 Setning, Þórir Ingason, Vegagerðin

09:15-09:45 Forensic analysis of winter failure in surface dressing and failure mechanism explained (Vetrarblæðingar, greining áhrifspátta og skemmda, erindi flutt á ensku)

*Haraldur Sigursteinsson, Vegagerðin, Björn Birgisson og Nicole Kringos, KTH*

09:45-10:00 Hönnunarleiðbeiningar fyrir brýr, Gylfi Sigurðsson, Vegagerðin

10:00-10:15 Eignastýring vegakerfisins - greining áhrifa og ávinnings, Árni Freyr Stefánsson, Mannvit

10:15-10:25 Umræður og fyrirspurnir

#### 10:25-11:10 Kaffi - veggspjöld (Höfundar veggspjalda svara spurningum við spjöldin sín)

11:10-11:25 Landlíkanagerð með ljósmyndatöku úr bíl og ómannaðri flugvél

*Sigurður Hrafnsson, UAS Iceland ehf. og Ólafur Haraldsson, Designing Reality*

11:25-11:40 Umferðarmerki á Íslandi; nýjar áherslur í ljósi fjölgunar erlendra ferðamanna

*Birna Hreiðarsdóttir, Norm ráðgjöf ehf.*

11:40-11:55 Öryggi farþega í hópferðabílum, Svanhildur Jónsdóttir, VSÓ

11:55-12:05 Umræður og fyrirspurnir

#### 12:05-13:00 Matur - veggspjöld

13:00-13:15 Forgangur og öryggi gangandi vegfarenda á göngubverunum, Hörður Bjarnason, Mannvit

13:15-13:30 Samanburður hávaðavísa - hljóðmælingar og greining, Ólafur Daníelsson, Efla

13:30-13:45 Innlendir saltþekill til hálkuvarna, Skúli Þórðarson, Vegsýn

13:45-14:00 Samsetning svifryks í Reykjavík, Páll Höskuldsson, Efla

14:00-14:15 Hagkvæmni og umhverfisávinningur metanvinnslu á landsbyggðinni, Dofri Hermannsson, Metanorka

14:15-14:30 Áhrifamat (umhverfisáhrif) í vegagerð, endurtekið efni eða lærdómur í 20 ár?,

*Auður Magnúsdóttir, VSÓ*

14:30-14:45 Tillaga að viðbótum við vefþjónustu Vegagerðarinnar, Sveinn Ólafsson, Gagnahnit ehf.

14:45-14:55 Umræður og fyrirspurnir

#### 14:55-15:25 Kaffi - veggspjöld

15:25-15:40 Snjókort af Íslandi og skafrenningsspár, Hróbjartur Þorsteinsson, Veðurstofa Íslands

15:40-15:55 Vatnssöfnun undir sigkötum Mýrdalsjökuls vöktuð með íssjá, Eyjólfur Magnússon, Háskóla Íslands

15:55-16:10 Samgöngubætur og byggðapróun: Félagsleg, efnahagsleg og menningarleg árf Héðinsfjarðarganga

á mannlíf á norðanverðum Tröllaskaga, Þóroddur Bjarnason, Háskólinn á Akureyri

16:10-16:25 Áætlunarflug innanlands - Félagslagfræðileg greining

*Ásta Þorleifsdóttir og Vilhjálmur Hilmarsson, innanríkisráðuneytið*

16:25-16:40 Þróun á nýrri slitsterkri steypu, Ólafur H. Wallevik, Nýsköpunarmiðstöð Íslands

16:40-17:00 Umræður og fyrirspurnir

#### 17:00 - Ráðstefnuslit, léttar veitingar í boði Vegagerðarinnar

Glærur og ágríp fyrirlestra verður hægt að finna á vef Vegagerðarinnar að ráðstefnu lokinni

Pá . . .



. . . og nú



Eldri myndin (safn GGZ) sýnir Egilsstaði stuttu eftir seinna stríð, eða væntanlega um það leyti sem þar var stofnað kaupstúrn 1947. Nýja myndin er tekin í lok ágúst 2013. Stórt hús í byggingu á eldri myndinni má einnig sjá á nýju myndinni því ljósmyndarinn færði sig ofar í landið svo yfirsýn yrði betri. Vinstra megin við miðju á gömlu myndinni má sjá hús sem nú er Kaupvangur 2 og sést það líka á nýju myndinni.

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaeyldar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst:	Opnað:	Samið:
	dagur, mánuður, ár		
13-067 Sjóvarnir Vestmannaeyjar 2013	2013		
13-015 Efnisvinnsla á Norðursvæði	2013		
13-007 Svínadalssvegur (502), Leirársveitarvegur - Eyri	2013		
12-056 Dettifossvegur (862), Dettifoss - Norðausturvegur	2013		
Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:	Samið:
13-069 Vatnsleysuströnd, sjóvarnir 2013	14.10.13	29.10.13	
13-068 Grindavík, sjóvarnir 2013	14.10.13	29.10.13	
13-066 Blönduós og Skagaströnd, sjóvarnir 2013	14.10.13	29.10.13	
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:	Samið:
13-064 Sjóvarnir Ísafjarðarbær 2013	23.09.13	08.10.13	
13-061 Endurbýgging Fljótsdalsvegur (933), Hrafnkelsstaðir - Upphéraðsvegur	22.07.13	13.08.13	
13-044 Vetrarþjónusta, Fróðárheiði - Breiðavík - Staðarsveit 2013-2016	24.06.13	09.07.13	
13-053 Vetrarþjónusta, Suðurfjarðavegur og Breiðdalur 2013-2016	01.07.13	16.07.13	
Samningum lokið	Opnað:	Samið:	
13-065 Vetrarþjónusta, Snæfellsnesvegur um Fróðarheiði og Útnesvegur B. Vigfússon ehf., Kálfárvöllum kt. 680206-0820	17.09.13	01.10.13	
13-063 Vetrarþjónusta, Djúpvogur, Reykjanes - Hnífsdalur 2013-2016 Kubbur ehf., Ísafirði kt. 660606-1650	20.08.13	20.09.13	

Samningum lokið, framhald	Opnað:	Samið:	
13-062 Pverárfjallsvegur (744), um Sauðárkrók Norðurtak ehf., Sauðárkróki kt. 530598-3229	20.08.13	04.09.13	
13-052 Vetrarþjónusta á Fljótsdalshéraði 2013-2016 P.S. verktakar ehf. Egilsstöðum kt. 410200-3250	16.07.13	03.10.13	
13-056 Vetrarþjónusta, Norðfjarðavegur um Fagradal 2013-2016 P.S. verktakar ehf. Egilsstöðum kt. 410200-3250	16.07.13	03.10.13	
13-059 Vetrarþjónusta, Höfn - Freysnes 2013-2016 Ólafur Halldórsson, Hornafirði kt. 070451-3449	16.07.13	26.09.13	
13-058 Vetrarþjónusta, Breiðdalsvík - Djúpvogur 2013-2016 S.G .vélar ehf., Djúpavogi kt. 411092-2599	16.07.13	26.09.13	
13-054 Vetrarþjónusta, Hornafjörður - Djúpvogur 2013-2016 S.G .vélar ehf., Djúpavogi kt. 411092-2599	16.07.13	26.09.13	
13-057 Vetrarþjónusta, Norðfjarðavegur um Oddsskarð 2013-2016 Haki ehf., Neskaupstað kt. 410363-0119	16.07.13	19.09.13	
13-051 Vetrarþjónusta á Vopnafirði 2013-2016 Steiney ehf., Vopnafirði kt. 570409-0500	16.07.13	03.09.13	
13-049 Vetrarþjónusta á Djúpvogi (61), Vestfjarðavegur í Reykhólasveit -Reykjanes 2013-2016 Björn Halldórs Sverrisson, Hólmavík kt. 160455-2929	19.06.13	24.09.13	



Fjölmenni mætti til að vígja formlega nýjar hjóla- og göngubrýr yfir Elliðaárósa fyrir hádegi laugardag 19. september sl. Brýrnar og stígarnir sem þeim tengjast eru liður í stærra kerfi á höfuðborgarsvæðinu og greinilega þegar komnir í mikla notkun. Brýrnar og stígarnir á Geirsnafi eru samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar þar sem hvor aðili greiðir helminginn af kostnaðinum. Brýrnar og stígarnir ásamt hönnun þeirra kostaði um 250 milljónir króna. Um morguninn áður en að hinni formlegu opnun kom mátti sjá að þá þegar höfðu Reykvíkingar nýtt sér mannvirkin í stórum mæli miðað við þann fjölda gangandi, hlaupandi og hjólandi sem fóru um.

Brýrnar eru 4,5 m breiðar, þær eru 36 m langar og burðarvirki þeirra er 18 m hátt. Haldin var samkeppni um um gerð þeirra í desember 2011 í samvinnu við félög arkitekta og verkfræðinga. Höfundar vinningstillögunnar voru frá Teiknistofunni Tröð, þau Hans-Olav Andersen og Sigríður Magnúsdóttir, arkitektar. Hreinn Haraldsson vegamálastjóri og Dagur B. Eggertsson formaður borgarráðs vígdu mannvirkin með því að hjóla yfir brýrnar. Hreinn sagði við þetta tilefni að í samgöngumálum væru breyttir tímar þar sem aukin áhersla væri lögð á fjölbreytta samgöngumáta einsog hjólbreyttar og almenningsamgöngur. Vegagerðin tæki þátt í því á höfuðborgarsvæðinu og í auknum mæli um land allt.